

Tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 2. júlí 2019

**From:** Inga Rún Ólafsdóttir <[inga.run.olafsdottir@samband.is](mailto:inga.run.olafsdottir@samband.is)>

**Sent:** þriðjudagur, 2. júlí 2019 15:47

**To:** Inga Rún Ólafsdóttir <[inga.run.olafsdottir@samband.is](mailto:inga.run.olafsdottir@samband.is)>

**Subject:** Endurskoðun viðræðuáætlana

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga, mannauðsstjóra og launafulltrúa,

## **Endurskoðun viðræðuáætlana við stéttarfélög sem eru í kjaraviðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga og eingreiðslur**

Undanfarna daga hefur samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga endurnýjað viðræðuáætlanir við viðsemjendur sambandsins þar sem stefnt er að kjarasamningagerð aðila verði lokið fyrir 15. september næstkomandi.

Ástæða endurskoðunarinnar er sú að kjaraviðræður eru umfangsmeiri að þessu sinni en oft áður og þurfa því lengri tíma. Á vettvangi heildarsamtaka opinberra starfsmanna er jafnhliða unnið að samkomulagi um launaþróunartryggingu, breytt fyrirkomulag vinnutíma og fleiri veigamiklum atriðum.

Vegna þess er að framan greinir hafa aðilar sammælt um að þann 1. ágúst 2019 verði hverjum starfsmanni greidd innágreiðsla á væntanlegan kjarasamning er verði metinn sem hluti af kostnaðaráhrifum hans. Upphæðir einstakra stéttarfélaga koma fram í fylgiskjali I. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall á tímabilinu frá og með 1. apríl 2019 til og með 30. júní 2019. Starfsmenn í fæðingarorlofi og tímavinnufólk fær innágreiðsluna, sjá fylgiskjal II.

Sérstakt samkomulag hefur verið gert við þau aðildarfélög BHM sem samið hafa um starfsmat. Viðræðuáætlanir þeirra ná fram til 15. nóvember og vegna þess eru greiddar tvær eingreiðslur.

Í ágúst og september 2019 munu aðilar vinna samkvæmt sameiginlegri aðgerðaráætlun um hvernig innleiðingu starfsmats BHM félaga, samkvæmt sérákvæði 1 með kjarasamningi aðila sem undirritaður var 21. mars 2016 verði lokið. Stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið fyrir 15. september 2019. Jafnhliða þessari vinnu verða kjaraviðræður í gangi við félögin.

## **Stéttarfélög sem ekki hefur verið samið við um endurnýjun viðræðuáætlana og fá ekki eingreiðslur**

## Starfsgreinasambandið, Efling og Verkalýðsfélag Akraness

Starfsgreinasambandið, Efling og Verkalýðsfélag Akraness hafa öll vísað kjaradeilum sínum til ríkissáttasemjara þar sem deilt er um lífeyrismál (sjá yfirlýsingu á heimasíðu sambandsins frá samninganefnd sambandsins, dags. 28. maí sl.). Þar sem viðræður eru nú undir verkstjórn ríkissáttasemjara er viðræðuáætlun aðila þar með fallinn úr gildi og því ekki á forræði Sambands íslenskra sveitarfélaga að semja um endurnýjun hennar.

Með hliðsjón af framangreindu er sveitarfélögum óheimilt með öllu að greiða starfsmönnum sínum sem eru félagsmenn í fyrrgreindum stéttarfélögum eingreiðslu/innágreiðslu sem fylgir endurskoðun viðræðuáætlana.

Samband íslenskra sveitarfélaga fer með fullnaðarumboð til kjarasamningagerðar fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu. Í gangi er alvarleg kjaradeila við áðurnefnd stéttarfélög þar sem samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga stendur í eldlínunni að verja gríðarlega fjárhagslega hagsmuni sveitarfélaganna. Í þessu ljósi er afar mikilvægt að sveitarfélög sýni samstöðu og hafi ekki afskipti af kjarasamningagerðinni með framkvæmd eingreiðslu/innágreiðslu.

Minnt er á að í umboðsgjöf sveitarfélagsins kemur eftirfarandi fram:

*Umboð þetta er fullnaðarumboð og eftir að það hefur verið gefið er sveitarfélaginu/stofnuninni ekki heimilt að hafa afskipti af kjarasamningagerð. Sveitarfélagið/stofnunin skuldbindur sig til að hlíta markmiðum og stefnu sambandsins í kjaramálum og þeim kjarasamningum sem sambandið gerir fyrir þess hönd í öllum atriðum, með staðfestingu stjórnar sambandsins.*

## Kennarasamband Íslands

Kennarasamband Íslands hefur vísað ágreiningi aðila um mat á menntun grunnskólakennara til úrskurðar Félagsdóms. Þar til niðurstaða liggur fyrir í því máli er hlé á viðræðum við Kennarasambandið og hefur viðræðuáætlun því ekki verið endurnýjuð.

Með kveðju,



**Inga Rún Ólafsdóttir**

sviðsstjóri kjarasviðs

Beint innval: 515 4928 / 772 0305

Netfang: [inga.run.olafsdottir@samband.is](mailto:inga.run.olafsdottir@samband.is)

**Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.